



Hreppsnefnd 27. apríl 2000

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 27. apríl 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 27. apríl kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafpór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Auður Jónsdóttir, Aðalbjörn Björnsson, vara oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Einnig var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Aðalbjörn setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. apríl sl. Hvað varðar 8. mál hefur sveitarstjóri hafið viðræður við eigendur ræktaðs lands innan þorpsgirðingar til uppkaupa. Einnig er 5. mál, endurbygging Kaupvangs, komið á skrið. Nokkrar umræða var um fundargerðina og síðan var hún samþykkt.
2. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 9. apríl sl. Lögð fram til kynningar.
3. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 10. apríl sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.
4. mál. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 29. mars sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
5. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 25. apríl sl. Nokkur umræða var um fyrirhugaða frístundabyggð í landi Þorbrandsstaða og var lögð fram eftirfarandi tillaga: Lögð fram tillaga að skipulagi frístundabyggðar í landi Þorbrandsstaða, Vopnafirði dags. 6. apríl 2000 og unnin af Birni Kristleifssyni arkitekt. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að auglýsa hana með tilskildum hætti. Tillaga samþykkt samhljóða. Fundargerðin samþykkt samhljóða og telur eðlilegt að 4. mál fari fyrir hafnarnefnd.
6. mál. Fundargerð skólanefndar frá 5. apríl sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.
7. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 25. apríl sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.
8. mál. Samband sveitarfélaga bréf dags. 18. apríl sl., varðandi ráðstefu um einkaframkvæmdir. Samb. ísl. sveitarfélaga boðar til ráðstefnu 17. maí n.k. sem haldinn verður í Hafnarfirði. Lagt fram til kynningar.
9. mál. Hagstofa Íslands, búferlaflutningar jan.-mars 2000. Lagt fram til kynningar.
10. mál. Gata í Færeyjum, vinabæjarmál. Hreppsnefnd barst bréf frá Ólafi Ármannssyni þess efnis að farið er fram á að kanna vinabæjartengsl milli bæjarins Götu í Færeyjum og Vopnafjarðar. Hreppsnefnd tekur mjög jákvætt undir þetta erindi og var samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að framgangi þess.
11. mál. Hollustuvernd ríkisins, sorphaugar. Í bréfinu er tilkynnt að ekki þurfi að fara í umhverfismat með förgunarstaði sorps sem hafa verið í notkun fyrir 1. maí 1994 og á það við um urðunarstaðinn sem nú er í notkun hér. Samþykkt var að leita til umhverfisráðuneytisins um ráðgjöf í flokkun sorps.
12. mál. Landbúnaðarráðuneytið, bréf dag. 3. apríl sl., varðandi framkvæmd verkefnisins "Fegurri sveitir". Landbúnaðarráðuneytið hefur á sínum vegum nefnd sem á að vinna að verkefninu og stuðla að samstilltu átaki í hreinsun og fegrun lands og mannvirkja með áhreslu á sveitir landsins.

Nefndin leggur áherslu á gott samstarf við byggingafulltrúa, heilbrigðisnefndir, umhverfisnefndir. Telur nefndin að heppilegasti tími hreinsunarátaks sé frá því í miðjum júní og fram í miðjan júlí. Fer nefndin fram á að tilkynnt verði um samstarfsvilja ef hann er fyrir hendi. Samþykkt var að taka þátt í þessu verkefni.

13. mál. Samband ísl sveitarfélaga, ályktanir fyrir fulltrúará_sfundar 2000. Lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.